

**Nefndasvið Alþingis**  
**Efnahags- og viðskiptanefnd**  
**b/t Eiríks Áka Eggertssona**  
**nefndarritara**  
**Austurstræti 8-10**  
**150 Reykjavík**

Reykjavík, 24. nóvember 2011.

Efni: Tillaga til þingsályktunar um úttekt á álitserðum matsfyrirtækja um lánshæfi íslenskra aðila (35.mál)  
*Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreinda tillögu sem felur í sér úttekt á álitserðum matsfyrirtækja um lánshæfi íslenskra fyrirtækja og stofnana fyrir og eftir hrun íslenska fjármálakerfisins.*

Viðskiptaráð Íslands tekur undir með þeim ætlunum er koma fram í ofangreindri tillögu. Hlutverk alþjóðlegra matsfyrirtækja á fjármálamörkuðum er mikilvægt. Starfsemi slíkra fyrirtækja hefur þó sætt mikilli gagnrýni fyrir vinnubrögð fyrir og eftir hrun fjármálakerfisins í október 2008. Mikilvægt er að leiða í ljós þau mistök sem gerð voru og læra af þeim. Endurreisa þarf traust á matsfyrirtækjunum og verður að rýna vel í þau vinnubrögð sem voru við líði fyrir hraun. Mikilvægt að endurreisn á trausti eigi sér stað í gegnum bætt vinnubrögð.

Í slíkri vinnu er mikilvægt að til verksins verði fenginn óháður aðili og að slík vinna skarist ekki á við vinnu sem þegar er unnin. Ráðið hvetur einnig til þess að úttektin verði framkvæmd með það í huga að draga fram þá þætti sem skipta mestu fyrir lánshæfi Íslands og þá hvernig stjórnvöld og aðrir geti aðstoðað í þeim efnum.

Betur mætti skýra í ofangreindri tillögu eða greinargerð með henni hvernig kynningu verði háttáð á niðurstöðum úttektar. Tryggja verður öllum aðilum sem erindi eiga aðgengi að slíkum niðurstöðum. Vinna sem þessi er ekki einskorðuð við Ísland eða þau skakkaföll sem hér urðu. Full ástæða er því fyrir Ísland að vera samtaka öðrum ríkjum í þessari úttekt og í kjölfarið meta í samstarfi niðurstöður og aðgerðir.

***Viðskiptaráð Íslands leggur til að ofangreind tillaga nái fram að ganga.***

Virðingarfyllst,



---

Þórdís Bjarnadóttir  
Lögfræðingur  
Viðskiptaráð Íslands

